

1. fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Ingólfshöfða

Fundur var haldinn í Skaftafelli 13. september 2017 kl. 14:30-16:00

Fundarmenn:

Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun (sem ritaði fundargerð)
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun
Bryndís Bjarnarson, Sveitarfélaginu Hornafirði
Þorlákur Örn Bergsson, landeigandi Hofi
Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir og Einar Rúnar Sigurðsson, landeigendur Fagurhólsmýri

Dagskrá fundar

- Samráðsáætlun
- Verk- og tímaáætlun
- Framtíðarsýn fyrir svæðið.

Fundarefni

Samráðsáætlun

Kynnt voru drög að samráðsáætlun vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið. Veittur var frestur til að gera athugasemdir og að því loknu verður skjalið sett á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Auðvelt er að bæta við samráðsaðilum á áætlunina ef þurfa þykir og verður skjalið þá uppfært samhliða.

Verk- og tímaáætlun

Kynnt drög að verk- og tímaáætlun. Áætlunin samþykkt en verður uppfærð eftir því sem vinnunni vindur fram.

Framtíðarsýn

Umræður um framtíðarsýn fyrir svæðið.

Umræður voru um eftirfarandi:

- Setja þarf reglur um hestaferðir, að sótt verði um leyfi til að fara á hestum í höfðann, merkja hestaleiðir, að ekki verði riðið austan megin á höfðanum.
- Halda fund með landeigendum í byrjun nóvember þegar fyrstu drög að stjórnunar- og verndaráætlun er klár.
- Hefðbundnar nytjar í dag eru sauðfjárbreit og ferðaþjónusta. Eggjataka nánast aflögð, farið einu sinni á ári í eggjatöku. Grasnytjar eru 15-20 rollur frá Hofi í eigu Gunnars Sigurjónssonar.
- Ferðamenn fara nánast einungis með ferðaþjónustuaðilum. Oftar farið 2 ferðir á dag frá miðjum maí til loka ágúst en 4-5 ferðir á dag yfir háanna tímam. 4500-5000. Einna annar ferðaþjónustuaðili fer einstaka sinnum í höfðan með farþega, Óli Skram.
- Spurningar sem vöknudu, þarf að takmarka fjölda ferðamanna? Þarf að bæta stýringu?
- Gera þarf umgengisreglur, sérstaklega varðandi fuglalíf.

Fundargerð



- Gömul þjóðleið er í höfðann, heyrir það undir Vegagerðina? Þarf að kanna.
- Skoða hvaða reglur gilda varðandi atvinnurekstur, þarf að gera samning við ábúendur/leiguliða
- Kanna hvað almannaréttur segir varðandi umferð í höfðann, bæði varðandi einstaklinga og ferðaþjónustufyrirtæki.

Næstu skref

Fulltrúar Umhverfisstofnunar munu vinna drög að 1. og 2. kafla og senda á samstarfshópinn. Gert er ráð fyrir að funda aftur, líklegast í gegnum Skype, þegar fyrir liggja drög að 1. og 2. kafla. Áætlað að hafa fund með landeigendum í byrjun nóvember, fá upplýsingar um hverjir eiga að sitja þann fund.

Umhverfisstofnun mun boða til næsta fundar.